

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skinney Þinganes Hornafjörður



Dags eftirlits	13.11.2014	Fulltrúi UST	Leifur Þorkelsson
Fyrirtæki	Skinney Þinganes	Fulltrúi UST	
Heimili	Miðósi 17, Hornafirði	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	4801692989	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Erlingur Brynjólfsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Helga Vilborg Sigurjónsdóttir	Staðsetning	684193,364 421481,264

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitsferðinni en gerð var athugasemd við það að upplýsingar um hraða útblásturslofts frá skorsteini lágu ekki fyrir. Brugðist hafði verið við frávikum sem fram komu í síðustu eftirlitsferð. Rafskautaketill hefur verið tekinn í notkun og unnið er að uppsetningu hráefnislagna frá frystihúsi til verksmiðjunnar.

UMFANG EFTIRLITS

Á fundi með fulltrúum fyrirtækisins var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu en í henni komu fram tvö frávik, annarsvegar vegna lekavarnarþróar umhverfis lýsisgeyma og hinsvegar var fita í fráveituvatni yfir starfsleyfismörkum. Með bréfi frá Umhverfisstofnun dags. 7. janúar 2014 samþykkti stofnunin áætlun fyrirtækisins um úrbætur. Byggingu lekavarnarþróar umhverfis lýsisgeyma er nú lokið og skv. niðurstöðum sýnatöku er fita fráveituvatni nú undir þeim mörkum sem kveðið er á um í starfsleyfi. Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar frá því að fyrirtækið var síðast heimsótt.

Rafskautaketill var tekin í notkun í ársbyrjun 2014 með tilkomu hans hefur dregið mjög úr olíunotkun í verksmiðjunni. Ketillinn er staðsettur í viðbyggingu við verksmiðjuhúsið og er hluti viðbyggingarinnar notaður sem geymsla fyrir edikssýru. Byggingu lekavarnarþróar umhverfis lýsisgeyma er lokið en framlengdur frestur vegna framkvæmdanna rann út þann 15. mars 2014.

Áfram er unnið að breyttu fyrirkomulagi við hráefnisflutning frá frystihúsi Skinneyjar Þinganes til verksmiðjunnar en nánast öllu hráefni sem verksmiðjan vinnur úr er ekið á milli frystihúss og verksmiðju. Lögnum hefur verið komið fyrir á botni hafnarinnar og verður hráefni dælt um þær. Unnið er að lokafrágangi bæði við frystihús og við verksmiðju og gera áætlanir ráð fyrir að framkvæmdum verði lokið í ársbyrjun 2015.

Grænu bókhaldi vegna ársins 2013 hefur verið skilað ásamt yfirlýsingu frá fyrirtækinu þess efnis að magn mengandi efna frá starfsstöðinni séu undir þeim mörkum sem tilgreind eru í II viðauka reglugerðar (EB) nr. 166/2006 og því þurfi fyrirtækið ekki að skila inn útstreymisbókhaldi vegna ársins 2013.

Þær skráningar sem gerð er krafa um í grein 3.1 koma flestar fram í grænu bókhaldi.

TVN gildi í hráefni er mælt reglulega í samræmi við grein 3.2

Mælingar á fitu svifögnum og COD í fráveituvatni frá fitugildru fóru fram í mars. Niðurstöðum sýnatökunnar ásamt upplýsingum um hráefnisnotkun og rennsli var skilað til kjölfar eftirlitsferðarinnar.

Ekki hefur komið til þess að verksmiðjan hafi verið stopp í meira en mánuð það sem af er ári. Því hefur ekki reynt á tilkynningarskyldu vegna gagnsetningar eftir stopp eins og fram kemur í grein 1.5

Í grein 2.13 er tekið fram að hraði útblásturslofts frá skorsteini skuli ekki vera lægri en 20 m/s nýlegar upplýsingar um hraða útblásturslofts liggja ekki fyrir.

Fitugildra í plani er tæmd eftir þörfum í samræmi við grein 3.1. Kvittanir sem staðfesta losun á gildrunni voru fyrirleggjandi.

Að lokum var gengið um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar. Framkvæmdir við hráefnislagnir stóðu yfir. Lekavarnarþró var skoðuð og einnig rafskutaketill og geymsla fyrir edikssýru. Umhverfi verksmiðjunnar var snyrtilegt og umgegni um lóð hennar var góð.

ATHUGASEMDIR

Framkvæma þarf mælingar á hraða útblásturslofts frá skorsteini, eða reikna út útblásturshraðann og skila niðurstöðum til eftirlitsaðila.

Reykjavík, 25.11.2014



Leifur Þorkelsson

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.